

UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR



Knattspyrnudeild
Handbók 2004

Ágúst 2004



Efnisyfirlit

1. Markmið og skipulag deildarinnar	4
Staðan í dag.....	4
Markmið	4
1. Félagsleg markmið.....	4
2. Íþróttaleg markmið.....	4
3. Fjármálaleg markmið	4
Skipulag félagsins og deildarinnar	5
Skipurit Knattspyrnudeildar Njarðvíkur.....	5
2. Umgjörð þjálfunar og keppni.....	6
Staðan í dag.....	6
Stefnan félagsins vegna þjálfunar og keppni barna og unglunga.....	6
3. Fjármálastjórn	11
Staðan í dag.....	11
Starfsmenn deildarinnar	11
Fjárhagsáætlun ársins 2004 – 2005 vegna yngri flokka.	12
4. Þjálfaramenntun	13
Staðan í dag.....	13
Stefna okkar í þjálfaramálum	13
Yfirlit yfir þjálfara.....	13
5. Félagsstarf	15
Staðan í dag.....	15
Áætlun um félagsstarf.....	15
6. Foreldrastarf.....	16
Staðan í dag.....	16
Starfsreglur foreldraráða.....	16
Verkefni foreldraráða	16
7. Fræðslu og forvarnastarf	17
Staðan í dag.....	17
Stefna okkar og áherslupættir:	17
8. Jafnréttismál	18
Staðan í dag.....	18
Stefna okkar og áhersluatriði:	18
9. Umhverfismál	19
Staðan í dag.....	19
Umhverfisstefna okkar og áhersluatriði.	19



Um handbókin

Þessi bók inniheldur lýsingu á starfsemi og skipulagi knattspyrnudeildar UMFN. Í bókinni er degin fram lýsing á stöðu deildarinnar í dag. Út frá stöðu deildarinnar hafa verið sett fram markmið og áhersluatriði sem eiga vera vegvísir að enn betra og öflugra starfi.

Fyrsta útgáfa af handbókarinnar var unnin 2001 í tengslum við verkefni Íþróttabandalags Reykjanesbæjar "Betra félag, betri deild". Þessi handbók er því ekki fyrsta útgáfa okkar af stefnu okkar og markmiðum. Gera má ráð fyrir að bókinn muni taki breytingum á milli ára. Við lok hvers starfsárs verður bókinn yfirfarin og starfið skoðað m.t.t. þeirra áherslna sem þar koma fram. Bókinn er því mikilvægt verkfæri til notkunar við mati á starfinu ekki síður en vegvísir og upplýsingarit fyrir iðkendur, þjálfara, starfsmenn, aðstandendur og stuðningsmenn.

Gefið út af Knattspyrnudeild UMFN, 21. Ágúst 2004



1. Markmið og skipulag deildarinnar

Staðan í dag

Knattspyrnudeild UMFN var sett á stofn 1968 og hefur starfað síðan þá að knattspyrnumálum innan Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN). Fyrir 1968 var knattspyrna ásamt öðru félagsstarfi UMFN stjórnað af félaginu sjálfu. Frá árinu 1991 höfum við byggt upp kröftugt yngri flokka starf í knattspyrnu fyrst í Njarðvíkurbæ og síðar Reykjanesbæ, þar sem við höfum verið að búa til knattspyrnumenn fyrir meistaraflokks lið okkar ásamt því að veita fjölda annarra iðkenda möguleika á að vera með, sækja mót og taka þátt í skemmtilegum keppnisferðum bæði innan og utanlands.

Markmið

Markmið með starfi Knattspyrnudeildar Njarðvíkur er að standa fyrir eflingu knattspyrnuíþróttarinnar hér í bæ. Að auka áhuga fólks, á öllum aldri, á íþróttinni sjálfri og því félagsstarfi sem myndast með starfinu.

1. Félagsleg markmið

- Samfara íþróttastarfinu er stefnt að eflingu alls félagsstarfs, þar sem hægt er að standa fyrir uppkomum bæði í íþróttaiðkun sem öðru. Stefnt skal að því að byggja upp félagslega samkennd meðal iðkenda þannig að þeir séu ávallt tilbúnir að veita félaginu og starfinu aðstoð og stuðning þegar til þeirra er leitað.

2. Íþróttaleg markmið

- Aðal markmið með íþróttalegu starfi er að byggja upp knattspyrnulið í öllum flokkum með mismunandi áherslum í keppni sem og iðkun til ánægju og skemmtunar.
- Alltaf skal stefnt að því að ná sem flestum iðkendum í hvern starfandi flokk
- Ávallt skal reyna að spyrna gegn brottfalli þannig að iðkendur haldist sem lengst hjá félaginu.

3. Fjármálaleg markmið

- Deildin skal rekin á því fjármagni sem hún getur aflað sér á hverju fjárhagsári. Félagið hefur að leiðarljósi raunhæfar fjárhagslegar áætlanir og varast skuldasöfnun. Í fjárhagsáætlunum skal ávallt taka mið af rekstri fyrra árs bæði í gjöldum og tekjum.
- Virkja skal alla félagsmenn til að standa vörð um rekstrarafkomu deildarinnar með því að þeir beiti sér félagi sínu til framdráttar hver á sinn hátt eftir getu og möguleikum.
- Deildin skal selja þjónustu sína á því verði sem hún kostar og ekki taka þátt í undirboðum til að laða að iðkendur.



Skipulag félagsins og deildarinnar


Stjórn knattspyrnudeildar UMFN

Leifur Gunnlaugsson	formaður
Andrés Ottoson	varaformaður
Thor Hallgrímsson	ritari
Guðmundur Sæmundsson	meðstjórnandi
Baldur Friðriksson	meðstjórnandi

Barna og unglingaráð Andrés Ottoson Guðmundur Karl Ingvason Trausti Hafsteinsson	Meistaraflokksráð Thor Hallgrímsson Guðmundur Sæmundsson Baldur Friðriksson
--	---

Framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar UMFN er Leifur Gunnlaugsson

Skipurit Knattspyrnudeildar Njarðvíkur



Knattspyrnudeildin vill gefa ungu fólki möguleika á að taka sæti eða vera áheyrnarfulltrúar í stjórnnum og ráðum sem starfa innan Knattspyrnudeildar Njarðvíkur. Stefnt er að því að auka hlut þeirra í stjórnarstöfum á næstu misserum.



2. Umgjörð þjálfunar og keppni

Staðan í dag

Í dag starfrækjum við knattspyrnuæfingar allan ársins hring. Yfirþjálfari yngri flokka er í fullu starfi hjá deildinni. Yfirþjálfari skipuleggur allar æfingar og keppnisferðir í samstarfi við framkvæmdastjóra deildarinnar og/eða Barna og unglíngaráð / foreldraráð. Aðstoðarþjálfari er einnig í fullu starfi allt árið. Einnig höfum við starfrækt sérþjálfun fyrir markmenn.

Stefnan félagins vegna þjálfunar og keppni barna og unglínga.

Félagið starfar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglínga.

1. Stefna okkar er að gefa öllum iðkendum okkar jafnan möguleika þá því að læra íþróttina á þeim forsendum sem þeim hentar. Lögð er áhersla á að iðkendur læri jafnframt að starfa undir þeim aga sem ríkir í þjálfuninni og þeim umgengnisreglum sem eru í gangi hverju sinni.
2. Félagið er einnig reiðubúið að sinna þeim iðkendum sem eru fljótir að ná tókum á íþróttinni og eru lengra eru komnir ekki síður en þeim sem eru lengur að ná tókum á íþróttinni. Með þessu reynir félagið að koma til móts við mismunandi áhuga og/eða getu hvers og eins iðkenda.
3. Í keppni tókum við þátt í flestum þeim mótum og leikjum sem okkur stendur til boða. Í keppnum svo sem Íslandsmóti er reynt að raða í lið eftir styrkleika þannig að líklegt sé að hver og einn einstaklingur takist á við verkefni við sitt hæfi. Félagið leitast við að skapa þeim sem ekki eru valdir til keppni á Íslandsmóti önnur verkefni við hæfi.
4. Umsjón og eftirlit barna- og unglíngastarfs er í höndum Barna og unglíngaráðs.



Kennslu og æfingaskrá fyrir 3. – 7. flokk drengja og stúlkna

Markmið í tækni og leikfræðilegum atriðum einstakra flokka



7. flokkur

Tækni og leikfræðiþjálfun
Meginmarkmið í þjálfun.

Tækni

Að venjast bolta
Knattrak á ýmsa vegu, stefnubreytingar
Knattrak með gabbhreyfingu
Einfaldar leikbrellur
Innanfótarspyrna
Móttaka- innanfótar, il, læri
Sköllun úr kyrrstöðu

Leikfræði

Leikrænir leikir
Leikæfingar, sérstaklega 1:1 með litlu álagi. Auðvelt að skora, stór mörk.
Leikæfingar, fáir í hverju liði með og án markmanns. Auðvelt að skora.
Helstu leikreglur



6. flokkur

Tækni og leikfræðiþjálfun
Meginmarkmið í þjálfun.

Tækni

Að venjast bolta
Knattrak, framhald- ýmis afbrigði
Knattrak og einföld leikbrella
Spyrnur: Innanfótarspyrna, ristarspyrna (bein og innanverð)
Sköllun úr kyrrstöðu og eftir uppstökk, halda bolta á lofti
Móttaka og stýring hárra bolta með innanverðum fæti
Móttaka-leggja áherslu á móttöku innanfótar, banna móttöku með il!
Innkast

Leikfræði

Markskot: úr kyrrstöðu, eftir knattrak, bolti skoppandi
Leikir til eflingar knatttækni og leikfræði, skallatennis og eltingaleikur með bolta
Leikið 1:1 með ýmsum afbrigðum
Leikið 2:1 með ýmsum afbrigðum
Leikæfingar þar sem fáir eru í liði





5. flokkur

Tækni og leikfræðiþjálfun
Meginmarkmið í þjálfun.



Tækni

Sendingar með jörðu og á lofti
Sköllun eftir uppstökk af báðum og öðrum fæti, skallað að ákveðnu marki
Móttaka jarðarbolta og stýring. Taka bolta með sér
Móttaka hárra bolta og stýring. Taka bolta með sér
Áhersla á sendingar viðstöðulaust, þ.e.a.s. í fyrsta
Knattrak og leikbrellur (1:1)
Samleikur af ýmsum toga sem lýkur með markskoti
Halda bolta á lofti og skjóta síðan á mark

Leikfræði

Markskot úr kyrrstöðu, eftir knattrak og samspil. Skallað að marki eftir fyrirgjöf.
Leikið 1:1 með ýmsum afbrigðum
Leikið 2:1 með ýmsum afbrigðum
Spilað út úr vörn, nota markmanninn
Mikilvægi þess að halda hraða á boltanum-sókn
Mikilvægi þess að hægja á boltamanni-vörn
Skallatennis ýmis afbrigði
Leikæfingar þar sem fáir eru í liði(farið yfir undirstöðuatriði liðssamvinnu)
Leikfræði liðs; innkast, hornspyrna, aukaspyrna, vítaspyrna
Kenna leikmönnum að hugsa um svæði bæði í vörn og sókn.

4.Flokkur

Tækni og leikfræðiþjálfun
Meginmarkmið í þjálfun.



Tækni

Spyrnur og móttaka bolta æfðar undir pressu, í leikformi með ákveðin markmið
Knattrak og leikbrellur æfðar undir pressu, í leikæfingum með ákveðin markmið
Sköllun á ýmsan hátt, skallaleikir með samherja og mótherja
Hoppspyrna
Fyrirgjafir
Lokið skal yfirferð og grunnkennslu allra tækniatriða knattspyrnu
Halda bolta á lofti og skjóta á mark

Leikfræði

Markskot af ýmsum toga;
Eftir að hafa leikið á mótherja (1:1)
Eftir móttöku á hlaupum og á þröngu svæði
Eftir eina eða tvær snertingar
Viðstöðulaust skot með jörðu og á lofti

Leikfræði hóps, sóknarleikur

Hreyfing án knatthafa, aðstoð við knatthafa
Undirstöðuatriði liðssamvinnu, í sókn; dýpt, fríhlaup, vídd, hreyfing, opna svæði, aðstoð.
Ýmis konar samsetning liðs (jafnmargir, fleiri, færri)



Samleikur

Veggssending
Knattvíxlun
Framhjáhlaup
Knattrak og sending (þykjast senda og fara síðan)

Leikfræði hóps, varnarleikur

Gæsla maður á mann (1:1), þar sem leikmaður hefur bolta
Gæsla maður á mann (1:1), þar sem leikmaður hefur ekki bolta
Samvinna leikmanna, yfirtaka á leikmanni frá félagi
Rangstaða- stíga sóknarmenn út, ýta út.
Ýmis konar samsetning liðs (jafnmargir í liði, færri, fleiri)
Undirstöðuatriði liðssamvinnu, vörn:
Dýpt, gæsla, loka svæði, samþjöppun, völdun.

Návígi

Að komast inn í sendingu mótherja
Návígi (tæklingar), rennitækling
Pressa þar sem áhersla á er lögð á rétta varnarstöðu

Leikfræði liðs, föst leikatriði

Vítaspyrna
Rétt innkast og hreyfing leikmanna án bolta
Hornspyrna (í sóknar- og varnarleik)
Aukaspurnur (beinar og óbeinar)

3.flokkur

Tækni og leikfræðipjálfun



Meginmarkmið í þjálfun:

- tækni
- tækniatriði tengd leikæfingum og flóknum tækniæfingum, samsettar æfingar
- tækni einstaklings fínþússuð og fullkomnuð
- sköllun
- hoppspyrna

Fyrirgjafir eftir

- einleik
 - samspil, s.s. veggssendingu, knattvíxlun, framhjáhlaup, langar sendingar
- Fága og styrkja enn frekar þau tækniatriði sem þegar hefur verið farið yfir.

Leikfræði

- leikfræði einstaklings
- markskot af ýmsum toga
- eftir að hafa leikið á mótherja (1:1)
- eftir móttöku á hlaupum og á þröngu svæði
- eftir eina og tvær snertingar
- viðstöðulaust eftir jörðu og á lofti

Návígi

- að komast inn í sendingu mótherja
- návíg (tæklingu), rennitækling
- pressa (rétt varnarstaða - ná knetti af mótherja)

Leikfræði hóps, sóknarleikur;

- samleikur leikmanna, ýmis afbrigði (veggssending, knattvíxlun, framhjáhlaup)
- hreyfing án knattar, aðstoð við knatthafa



- undirstöðuatriði liðssamvinnu, sókn, dýpt, fríhlaup, vídd, hreyfing, opna svæði, aðstoð
- skapa marktækifæri, markskot

Leikfræði hóps, varnarleikur;

- gæsla maður á mann (1:1), þar sem leikmaður hefur bolta
- gæsla maður á mann (1:1), þar sem leikmaður hefur ekki bolta
- svæðisvörn
- undirstöðuatriði liðssamvinnu, vörn; dýpt, gæsla, lokun svæða, samþjöppun, völdun
- samvinna leikmanna, yfirtaka á leikmanni frá félagi
- rangstaða
- Ýmis konar samsetning liðs (jafnmargir í liði, færri, fleiri)

Undirstöðuatriði liðssamvinnu, vörn:

- dýpt, gæsla, loka svæði, samþjöppun, völdun

Návígi:

- að komast inn í sendingu mótherja
- návíg (tækling), rennitækling
- pressa þar sem áhersla er lögð á rétta varnarstöðu

Leikfræði liðs, föst leikatriði

- vítaspyrna
- rétt innkast og hreyfing leikmanns án bolta
- hornspyrna (í sóknar- og varnarleik)
- aukaspurnur (beinar og óbeinar)



3. Fjármálastjórn

Staðan í dag

Í dag er rekstur deildarinnar í þremur einingum.

1. **Rekstur deildar**, sem er aðallega byggt á rekstri Íþróttasvæðisins við Vallarbraut (Njarðvíkurvöllur).
2. **Rekstur yngri flokka**, sem sér um allan rekstur yngri flokka, frá 7. flokki að 3. flokki.
3. **Rekstur meistaraflokks**, sem sér um allan rekstur meistaraflokks og 2. flokk.
4. Bókhaldsár deildarinnar er almanaksárið frá 1. janúar til 31. desember ár hvert, þessu var breytt nú um síðustu áramót (2003 / 2004). Íþróttastarfsárið er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.
5. Hver eining er með sjálfstæðan reikning. Tekjur og gjöld hvernar einingar eru færð í bókhaldi sér, bókhald allra deilda er fært reglulega af framkvæmdastjóra deildarinnar og yfirfarið af endurskoðanda.
6. Framkvæmdastjóri deildarinnar er einnig vallarstjóri og hefur yfirumsjón með deildinni, íþróttasvæðinu og íþróttastarfi okkar.
7. Allar launagreiðslur til þjálfara eru í samræmi við hversu vinnuframlag þeirra er mikið, heilsársstarf eða hlutastarf. Sami grunntaxti er notaður hjá öllum, síðan er tekið mið af hversu mikil vinna er á bak við starfið og hvaða menntun er á bak við viðkomandi. Allir þjálfarar eru launþegar.

Starfsmenn deildarinnar

- **Freyr Sverrisson** yfirþjálfari yngri flokka 3. til 7. flokks
Er í heilsársstarfi.
- **Jóhann K. Steinarsson** aðstoðarþjálfari yngri flokka
Er í heilsársstarfi hjá okkur ásamt því að sinna kennslu.
- **Leifur Gunnlaugsson** framkvæmda- og vallarstjóri.
Er í heilsársstarfi.

Unnið er að því að breyta uppsetningu á bókhaldi deildarinnar í kjölfar þess að deildin er að skipta um bókhaldsstofu. Bókhaldslyklar ÍSÍ verðar notaðir til hliðsjónar og undirflokkar verða í samræmi við flokka sem settir eru fram í meðfylgjandi fjárhagsáætlun. Ársreikningar síðasta starfsárs voru sendir til ÍSÍ með starfsskýrslum.



Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun yngri flokka fyrir starfsárið 1. ágúst til 31. desember 2004, sem unnin var fyrir viðskiptabanka okkar sem er deildinni til aðstoðar við fjármögnun á rekstri yngri flokka. Ný fjárhagsáætlun fyrir næsta ár verður send bankanum fyrir lok þessa árs.

Fjárhagsáætlun ársins 2004 – 2005 vegna yngri flokka.

GJÖLD	
1 Þjálfunarkostnaður 4. - 7. Fl.	3.058.000
2 Þjálfunarkostnaður aðstoðarþj.	550.000
3 Þjálfunarkostnaður 3. Fl.	385.000
4 Þjálfunarkostnaður stúlkur	300.000
5 Þátttökugjöld móta	
6 Ferðakostnaður	
7 Annar mótakostnaður	60.000
8 Íþróttavörur / útbúnaður	
9 Sjúkravörur / kostnaður	
10 Félagsskiptagjöld	
11 Sektir	
12 Símakostnaður	
13 Bifreiðarkostnaður	209.000
14 Dómgæsla	
15 Eftirstöðvar síðasta starfsárs	600.000
16 Prentun leiksrár ofl	
17 Framkvæmdastjórn	
18 Auglýsingar / kynning	25.000

Samtals **5.187.000**

TEKJUR	
1 Æfinga og félagsgjöld	105.000
2 Æfinga og félagsgjöld / feb '04	280.000
3 Æfinga og félagsgjöld / jún '04	357.000
4 Æfinga og félagsgjöld / okt '04	503.600
5 VISA innheimta	650.440
6 EURO innheimta	353.234
7 Styrkir	875.000
8 Styrkur ÍRB 12 ára og yngri	810.000
9 Styrkur ÍRB 13 til 18 ára *	350.000
10 Tekjur af mótshaldi	400.000
11 Fjáraflanir / pappírsala	120.000
12 Fjáraflanir / happdrætti	230.000
13 Fjáraflanir / 17 júní	100.000
14 Fjáraflanir / dósir	140.000
15 Fjáraflanir / getraunir	120.000
16	
17	
18	

5.394.274



4. Þjálfaramenntun

Staðan í dag

Á undanförunum 10 árum höfum við haft starfandi yfirþjálfara yngri flokka, Frey Sverrisson. Hann hefur haft veg og vanda af skipulagningu og starfsemi yngri flokka okkar. Í gegn um árin hefur aðstoðarþjálfari ávallt verið honum til aðstoðar á sumrin. Nú erum við með starfandi, samhliða aðalþjálfara, aðstoðarþjálfara allt árið, sem leysir aðalþjálfara af og starfar einnig alfarið með honum. Þetta er okkur nauðsynlegt, því oft eru keppnisferðir og leikir á sama tíma og æfingar hjá öðrum iðkendum. Með þetta skipulag þurfum við sjaldan að leita eftir afleysingarmönnum.

Stefna okkar í þjálfaramálum

1. Stefna okkar er sú að hafa ávallt tvo þjálfara í starfi svo ekki komi til vandræða ef keppni í einum flokki ber upp á sama tíma og æfingar í öðrum. Við teljum, að ef flokkar eru með fleiri einstaklinga en 20, skal aðstoðarþjálfari vera til staðar.
2. Sé ekki hægt að fá menntaðan aðstoðarþjálfara, skal það vera í höndum yfirþjálfara að kynna fyrir viðkomandi hvernig starfað sé og skal þá notast við það kennslu efni sem ÍSÍ notar við sín námskeið. Stefnt skal að því að styrkja, fjárhagslega, alla þá sem áhuga hafa á að sækja þjálfaranámskeið í von um að fleiri frambærilegir þjálfarar verði til hjá deildinni.
3. Yfirþjálfari skal funda einu sinni í mánuði með stjórn eða framkvæmdastjóra um málefni flokka og æfingar. Á fundunum skal fara yfir keppni, æfingasókn, æfingatíma. Ef þurfa þykir, skal aðstoðarþjálfari einnig sitja fundi þessa. Ætlast er til að yfirþjálfari og aðstoðarþjálfari séu það samstíga að ekki þurfi að funda sérstaklega þeirra á milli nema einhver undirbúningur kalli á það.

Yfirlit yfir þjálfara

Hjá okkur starfa í dag eftirtaldir þjálfarar í þjálfun 3. til 7. flokks.

Freyr Sverrisson yfirþjálfari yngri fokka.

Menntun;

Freyr hefur lokið öllum þjálfunarstigum sem Knattspyrnusamband Íslands býður upp á.

Reynsla;

Hann hefur starfað við knattspyrnuþjálfun frá unglingsaldri, þjálfað yngri flokka í knattspyrnu og handbolta, meistaraflokks lið ásamt ungmennaliðum. Hann er í dag aðalþjálfari U – 16 landsliðs Íslands ásamt því að vera einnig aðstoðarþjálfari U – 17 og U – 19 ára landsliðs Íslands. Freyr var áður keppismaður í knattspyrnu og á að baki fjölda leikja í meistaraflokki m.a. í efstu deild.



Jóhann K. Steinarsson aðstoðarþjálfari yngri flokka.

Menntun;
Jóhann er með íþróttakennaramenntun.

Reynsla;
Jóhann hefur starfað á undanförunum árum sem knattspyrnuþjálfari á Akureyri og Sauðárkróki og þjálfað bæði drengi og stúlkur. Jóhann er í dag keppismaður í íþróttinni.

Ágústa J. Heiðdal þjálfari stúlknaflakka.

Menntun;
Ágústa hefur en ekki sótt þjálfaranámskeið en stefnir að sækja þjálfunarnámskeið á komandi misserum.

Reynsla;
Ágústa er keppniskona í knattspyrnu og hefur starfað við aðstoðarþjálfun. Er vinsæl og dugleg við þjálfun, og hefur staðið sig með þryði við þjálfun stúlkna hjá okkur. Ágústa hefur notið leiðsagnar Freys og Jóhanns við þjálfunina.

Aðrir þjálfarar

Til aðstoðar við þetta fólk höfum við nokkra einstaklinga sem sjá um afleysingar, Sigurður Guðnason vanur þjálfari sem lokið hefur öllum þjálfunarstigum KSÍ, Milan Janosevic leikmaður hjá okkur og vallarstarfsmaður, ásamt nokkrum foreldrum sem sjálfir hafa verið iðkendur og keppnisfólk.



5. Félagsstarf

Staðan í dag

Stór hluti að félagsstarfi okkar fyrir utan knattspyrnuíðk eru einskonar opin hús fyrir þá yngstu og ýmisar spila- og samverustundir með iðkendum. Þetta hefur verið gert með reglulegum hætti yfir vetrarmánuðina fyrir yngstu flokkana en óreglulegar með þeim eldri. Starfið hefur ávallt verið í höndum þjálfara og hefur hann séð um skipulag og framkvæmd. Sjálfsagt er hægt að gera betur á ýmsum sviðum, en margir iðkendur stunda aðrar íþróttagreinar og sækja annað tólmundastarf, má passa sig að ofgera ekki hlutunum.

Áætlun um félagsstarf

Þar sem iðkendur okkar skiptast niður í flokka munum við skipuleggja allt félagsstarf umhverfis flokkana sjálfa eða hvern aldurshóp allt eftir hvað er í boði.

1. Haldið verður áfram að hafa "opin hús" reglulega fyrir tvo yngstu flokkana líkt og verið hefur. Á þessum "opnu húsum" verður líkt og áður, stefnt að því að iðkendur geti komið saman og farið í bingó og leiki, fönðrað og/eða horft á kvikmyndir eða annað myndefni.
2. Fyrir aðra aldurshópa verður stefnt á að koma á legg föstu félagsstarfi fyrir hvern flokk eða aldurshóp fyrir sig í formi "opins húss" þar sem hægt verði að kynna starfsemi deildarinnar, aðra starfsemi, önnur tólmundataækifæri og koma á framfæri ýmsum fróðleik.
3. Samstarf verður haft við foreldra, aðrar deildir og félög, fyrirtæki og stofnanir við framkvæmd félagsstarf þeirra eldri.
4. Talsmaður eða fulltrúi deildarinnar verður ávallt til staður þegar félagsstarfið fer fram. Almenn yfirumsjón er í höndum þjálfara nema annað sé ákveðið t.d. foreldrafélaga eða unglingaráða.
5. Fastar dagsetningar félagsstarfs, verða birtar með æfingatöflu hvers tímabils fyrir sig, þar sem það á við. Almenn félagsstarfsemi er ekki bundin við einhvern ákveðin árstíma heldur er félagsstarfið virkt allan ársins hring.
6. Reynsla sýnir að öflugt félagsstarf skapar nýja vídd í starfseminum. Félagsstarfið gerir iðkendum kleift að kynnast betur og eykur enn á gagnkvæma virðingu iðkenda. Fjölmargir hafa jafnvel náð að blómstra betur í félagsstarfinu en í hinu hefðbundna íþróttastarfi.



6. Foreldrastarf

Staðan í dag

Á undanförunum árum höfum við lagt upp með að vera í góðu sambandi við foreldra iðkenda. Foreldrar hafa verið hvað virkastir í sambandi við skipulagningu keppnisferða og fjáraflanna. Samstarf við foreldra hjá okkur hefur þróast í þá veru að við höldum yfirleitt fundi þar sem við leggjum það í hendur þeirra hvort ráðist verði í ákveðin verkefni s.s. keppnisferðir innanlands eða jafnvel til útlanda. Virkni foreldra er mismikil og reynum við að ofgera ekki foreldrum með vinnu. Reynslan sýnir að skilningur á mikilvægi samvinnu og þátttöku foreldra í starfinu er misjafn á meðal foreldranna sjálfra.

Starfsreglur foreldraráða

1. Í hverjum starfandi flokki skal vera starfandi foreldraráð, annað hvort skipað þremur eða fimm einstaklingum.
2. Barna og unglingaráð heldur fund með foreldrum, í öllum starfandi flokkum, í upphafi hvers starfsárs. Á hverjum upphafsfundum skal skipa Foreldraráð viðkomandi flokks fyrir komandi starfsár.
3. Foreldraráð starfar undir Barna og unglingaráði.
4. Allar meiriháttar ráðgerðir foreldraráðs skulu vera ákveðnar í samráði við Barna og unglingaráð.
5. Allar ákvarðanir um fjáraflanir á vegum foreldraráða skulu teknar í samráði við Barna og unglingaráð.
6. Foreldraráð er tengiliður deildarinnar inn í hvern flokk og er ráðunum ætlað að aðstoða deildina í stórum verkefnum í hverju sinni.

Verkefni foreldraráða

- Vinna með Barna og unglingaráði og þjálfara að skipulagningu keppnis og æfingaferða.
- Hafa yfirumsjón með allri fjáröflunarvinnu viðkomandi flokks ef einhver er.
- Starfa með öðrum foreldraráðum flokka hjá deildinni ef þess gerist þörf.
- Hvert foreldraráð vinnur sjálfstætt að öllum verkefnum flokksins og fjáröflunum, en þó með samþykki Barna og unglingaráðs fyrir þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur.



7. Fræðslu og forvarnastarf

Staðan í dag

Stefnu okkar í fræðslu og forvarnamálum er sú að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni. Knattspyrnudeildin gerir sér grein fyrir forvarnargildi íþróttar og leitar allra leiða til þess að ýta undir heilbrigðan og æskilega lífstíl iðkenda sinna. Bann við reykingum í aðstöðu knattspyrnudeildar UMFN hefur verið í gildi um langan tíma.

Stefna okkar og áherslupættir:

1. Deildin hvetur alla iðkendur sína að temja sér heilbriggt lífverni og taka þátt í íþróttastarfi eins lengi og þeir geta, hvort sem um er að ræða keppni, stjórnunarstörf eða annað innan deildarinnar.
2. Deildin tekur þátt í að aðstoða foreldra og iðkendur sem kunna að rata á ranga braut.
3. Við munum ekki auglýsa áfengis eða tóbakauglýsingar á okkar íþróttasvæði og í blöðum sem við gefum út. Öll notkun tóbaks í námunda á og í námunda við íþróttasvæðið er bönnuð.
4. Aukinn fjölbreytin í félags og íþróttastarfi ætti að tryggja fleiri iðkendur og lengri veru í starfi deildarinnar.
5. Fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.
6. Þjálfarar og félagsfólk okkar taki þátt í að vinna gegn notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna og ólöglegri lyfjanotkun, og séu vakandi fyrir þeim einkennum sem slíkrri notkun fylgir.
7. Deildin leggur áherslu á að meistaraflokkurinn og þjálfarar séu fyrirmynd fyrir yngri iðkendur okkar og þeir hvorki reyki eða noti munntóbak á Íþróttasvæðinu.

Ábyrgð og eftirfylgni á stefnu þessari og er í höndum stjórnar deildarinnar. Stjórn deildarinnar sér um úrvinnsla á vandamálum sem upp kunna eða kallar til fólk með sérstaka þekkingu á þessum málum ef þess gerist þörf.



8. Jafnréttismál

Staðan í dag

Stefna okkar er að halda úti knattspyrnu fyrir bæði kynin. Erfitt hefur reynst halda úti knattspyrnu fyrir stúlkur. Lítil hefð er fyrir knattspyrnuíðkun stúlkna. Í þeim tilboðum sem sett hafa verið upp fyrir stúlkur hefur mæting oft verið léleg ásamt því að erfitt er að fá leiðbeinendur og foreldra til samstarfs. Stúlkur hafa á síðustu árum æft með drengjunum í yngsta flokknum ásamt því að UMFN sendi kvennalið til keppni á Gull og Silfurmótinu. Í dag er verið að byggja upp knattspyrnuna fyrir stúlkur og tökum við þar eitt skref í einu. Konur hafa verið mjög vikar í stjórnnum og foreldraráðum hjá deildinni á undanförunum árum.

Stefna okkar og áhersluatriði:

1. Samkvæmt nýrri uppsetningu af bókhaldi og fjárhagsáætlun deildarinnar mun verða hægt að skoða nokkuð nákvæmlega tekjur og gjöld einstakra flokka, jafnt karla sem kvenna.
2. Halda áfram að byggja upp knattspyrnu fyrir stúlkur.
3. Ef iðkendafjöldi er ekki nægur til þess að halda úti hópi til æfinga verður reynt að gera samstarfssamning við önnur félög til að geta þjónað þessum hópi.
4. Haldið verður áfram að virkja kvenfólk til starfa innan deildarinnar.
5. Eftirfylgni með þessum áhersluatriðum er í höndum Barna og unglingaráðs.



9. Umhverfismál

Staðan í dag

Fram að þessu hefur enginn sérstök stefna í umhverfismálum verið í gangi, þó vissulega hafi snyrtileg umgegni verið í hávegum höfð. Bann við reykingum í vallarhúsi okkar hefur verið í gildi í mörg ár. Þá höfum við safnað einnota drykkjaumbúðum í fjáröflunarskyni. Til að marka okkur umhverfisstefnu teljum við að best sé að byrja heima. Þess vegna verður lögð mest áhersla á okkar eigið íþróttasvæði í okkar stefnu.

Umhverfisstefna okkar og áhersluatriði.

1. Að Íþróttasvæði okkar við Vallarbraut sé ávallt snyrtilegt og iðkendur hvattir til að ganga vel um það.
 - Settar verði upp ruslafötur um svæðið og iðkendur losi sig þar við drasl.
 - Að deildin haldi einu sinni að vori hreinsunardag til að hreinsa íþróttasvæði sitt eftir veturinn.
 - Íþróttasvæði okkar verði fegrað með því að planta blómum og trjám.
 - Notast verði að notast við umhverfisvænar hreinlætisvörur þar sem því verður við komið.
 - Settar verða upp merkingar um snyrtilega umgengi.

Vallarstjóri sér um að framkvæmd þessari sé framfylgt.

2. Að iðkendur okkar gangi alltaf vel um önnur íþróttamannvirki í Reykjanesbæ þar sem þau eru við æfingar á okkar vegum.
3. Að iðkendur okkar gangi ávallt vel um önnur íþróttamannvirki sem þau eru við keppni og æfingar, hvar sem þau kunna að vera.
4. Deildin haldi áfram að safna og hvetja iðkendur sína að safna saman einnota drykkjarumbúðum ásamt þeim sem er fjölnota.
5. Deildin taki þátt í umhverfisátökum sem standa yfir og leggi þeim lið bæði í áróðri og mannskap.